

Ed.

298. Frumvarp til laga

[6. mál]

um lífeyrissjóð bænda.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þskj. 6 með þessum breytingum:

19. gr. hljóðar svo:

Til ársloka 1985 skal fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 18. gr. greitt að 37.5% af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að 62.5% úr rikissjóði. Frá 1. janúar 1986 skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrisgreiðslum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Árið 1971 skulu iðgjöld og framlög til sjóðsins vera $\frac{1}{4}$ þess, sem í 7. gr. segir, helmingur árið 1972 og $\frac{3}{4}$ árið 1973. Frá 1. janúar 1974 skulu þau vera eins og segir í 7. gr.

Við úrskurðun makalífeyris samkvæmt 18. gr. skal þrátt fyrir ákvæði 2. málsg. 21. gr. taka tillit til óvígðrar sambúðar, sem átt hefur sér stað fyrir árslok 1970, enda berist stjórn sjóðsins skrifleg tilkynning frá hlutaðeigandi bónda eigi síðar en 30. júní 1971, þar sem tilgreint sé, hve lengi sambúð hefur staðið.

Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir árslok 1972.